

Þriðjudaginn 25. október 1988.

Nr. 165/1987. **Verkalýðsfélagið Jökull**

(Sigurmar K. Albertsson hrl.)

gegn

Hraðfrystihúsi Ólafsvíkur

og gagnsök

(Pétur Guðmundarson hrl.)

Lögtaksmál. Innheimtuþóknun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. maí 1987 og gagnáfrýjandi með stefnu 29. maí 1987.

Dómkröfur áfrýjanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 7.796,00 krónur auk 17% ársvaxta frá 9. mars 1984 til stefnubirtingardags þann 16. apríl 1984, en auk 19% ársvaxta frá þeim degi til 13. ágúst s.á., 24% ársvaxta frá þeim degi til 20. s.m., 24,5% ársvaxta frá þeim degi til 27. s.m., 25% ársvaxta frá þeim degi til 18. september s.á., 25,5% ársvaxta frá þeim degi til 11. október s.á., 26% ársvaxta frá þeim degi til 12. s.m., 28% ársvaxta frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 29% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1985, 36% ársvaxta frá þeim degi til 21. s.m., 37% ársvaxta frá þeim degi til 11. maí s.á., 35% ársvaxta frá þeim degi til 21. júlí s.á., 36% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1986, 39% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars s.á., 14,5% ársvaxta frá þeim degi til 11. ágúst s.á., 15,2% ársvaxta frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 15,4% ársvaxta frá þeim degi til 11. s.m., 15,7% ársvaxta frá þeim degi til 21. s.m., 16,1% ársvaxta frá þeim degi til 11. desember s.á., 16,8% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1987, 17,5% ársvaxta frá þeim degi til 11. s.m., 17,9% ársvaxta frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 18,8% ársvaxta frá þeim degi til 11. s.m., 19,4% ársvaxta frá þeim degi til 21. s.m., 19,8% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars s.á., 19,9% ársvaxta frá þeim degi til 11. s.m., 20,8% ársvaxta frá þeim degi til 21. s.m., 21,8% ársvaxta frá þeim degi til 6. maí s.á., 30% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní s.á.,

33,6% ársvaxta frá þeim degi til 1. júlí s.á., 36% ársvaxta frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 40,8% ársvaxta frá þeim degi til 1. september s.á., 42% ársvaxta frá þeim degi til 1. október s.á., 43,2% ársvaxta frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 45,6% ársvaxta frá þeim degi til 1. desember s.á., 49,2% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1988, 51,6% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars 1988, 45,6% ársvaxta frá þeim degi til 1. maí 1988, 44,4% ársvaxta frá þeim degi til 1. júlí 1988, 52,8% ársvaxta frá þeim degi til 1. ágúst 1988, 56,4% ársvaxta frá þeim degi til 1. september 1988, 49,2% ársvaxta frá þeim degi til 1. október 1988, en 33,6% ársvaxta frá þeim degi til dómsuppsögudags, en frá þeim degi til greiðsludags þeirra dráttarvaxta sem Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 14. gr. sömu laga. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Við munnlegan flutning málsins í Hæstarétti féll gagnáfrýjandi frá gagnkröfum og er samkomulag með aðilum um að gagnsökin sé niður fallin.

Kröfur stefnda í aðalsök eru þær, að hann verði algjörlega sýknaður, þ.e. að hérðasdómurinn verði staðfestur og honum greiddur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðilar deila ekki um greiðsluskyldu stefnda á gjöldum í sjúkra-sjóð og orlofssjóð áfrýjanda vegna ársins 1981 né heldur lengur um greiðslu vaxta af þeirri fjárhæð eða um kostnað við lögtaksbeiðni og hefur stefndi greitt þær fjárhæðir.

Hér er hins vegar deilt um hvort áfrýjandi getur heimt af stefnda innheimtupóknun 7.796,00 krónur, sem áfrýjandi greiddi lögmanni sínum fyrir innheimtuaðgerðir hans gagnvart stefnda, auk vaxta.

Áfrýjandi heldur því fram að eftir að hafa sjálfur ítrekað reynt innheimtu hjá stefnda og fengið nokkrar innborganir á skuldina hafi honum þrotið þolinmæði 8. nóvember 1983 og falið lögmannsstofu Arnmundar Backmann hrl. að innheimta eftirstöðv-arnar. Verki lögmannsstofunnar að innheimtunni er lýst í héraðs-dómi.

Áfrýjandi byggir á því að það sé almenn regla, að sá sem eigi lög-mæta kröfu á annan aðila eigi að vera skaðlaus af því að knýja fram fullnustu hennar. Allur kostnaður við innheimtuna, þ. á m. innheimtulaun lögmanns, eigi því að falla á skuldara kröfunnar.

Hann heldur því fram, að þetta sé fordæmisregla sem komi fram í dómum Hæstaréttar.

Þá heldur hann því fram, að hvergi í lögum sé að þessu leyti gerður greinarmunur á almennum kröfum og kröfum sem þeirri er hér um ræðir, sem lögtaksréttur fylgir. Ekki megi heldur halda því fram að innheimtuhagræði það, sem fylgir lögtaksrétti, nýtist kröfueiganda á þann hátt að innheimtunni sé lokið um leið og lögtaksbeiðni komi til viðkomandi fógeta og lögtak sé gert. Eftir sé þá að knýja fram greiðslu, semja um greiðsluskilmála, sé því að skipta, og annast innheimtuna að öðru leyti, enda hvorki hlutverk fógeta né uppboðsréttar að annast það. Loks vísar áfrýjandi til langrar venju varðandi töku innheimtukostnaðar af lögtakskröfum.

Stefndi byggir kröfu sína um sýknu á því, að greiðslur í sjúkra- og orlofssjóði njóti lögtaksréttar. Með því að veita kröfum lögtaksrétt sé beinlínis ætlast til þess að kröfuhafi snúi sér beint til fógeta með beiðni um lögtak. Fógeti framkvæmi síðan lögtakið og þurfi ekki frekari atbeina kröfuhafa þar um. Kröfuhafa sé auðvitað frjálst að fela lögmanni innheimtuna en kostnað af því verði hann sjálfur að bera, enda sé honum skylt að haga innheimtunni svo að hann baki skuldaranum sem minnstan kostnað.

Krafa áfrýjanda var óumdeild og löngu fallin í gjalddaga. Innheimta hans sjálfs hafði ekki tekist, þannig að enn voru eftir af kröfunni þó nokkrar eftirstöðvar. Fordæmisreglur leiða til þess að undir venjulegum kringumstæðum ætti áfrýjandi lögvarinn rétt til innheimtulauna. Það er því athugunarefni hér hvort það réttarfars-hagræði, sem felst í lögtaksrétti, sbr. 11. tl. 1. mgr. 1. gr. 1. nr. 29/1885, sem fylgdi kröfu áfrýjanda, breyti einhverju um rétt hans.

Hvorki í lögum nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar né í öðrum lögum er sett sérstök regla um þóknun lögmanna fyrir innheimtu krafna, sem njóta umrædds réttarfars-hagræðis. Óumdeilt er að samkvæmt venju beri skuldari innheimtulaun við fjárnám samkvæmt lögunum. Sú regla kemur að vísu fram í lögum nr. 29/1885 að við lögtak þurfi ekki að mæta af hálfu gerðarbeiðanda og getur því verið nægilegt fyrir eiganda kröfu, sem lögtaksréttur fylgir, að senda gerðarbeiðni til fógeta til þess að lögtak fari fram. Þetta verður þó ekki talið skera úr um, hvort innheimtulaun skuli greiða af slíkri kröfu. Til þess ber að líta að í

upphafi voru að finna í lögum nr. 29/1885 mun færri lögtaksheimildir en nú finnast þar og í sérlægum. Mestur hluti þeirra krafna var innheimtur af innheimtumönnum ríkisins, sem þá voru einnig handhafar fógetavalds.

Í greinargerð með frumvarpi að lögunum var talið að ekki yrði alltaf lagt á gerðarbeiðanda að mæta við lögtakið, til þess væru mörg gjaldanna, sem lögtaksréttur fylgdi, of dreifð og smá, en þó var talið að hann yrði oftast viðstaddur. Taka verður nú tillit til þess að lögtaksheimildir eru orðnar miklu fleiri og misjafnari og fjarri fer að fógeti geti tekið að sér hlutverk innheimtumanns kröfunnar nema þar sem það er sérstaklega boðið, enda framkvæmd lögtaksins aðeins einn margra þátta innheimtunnar.

Af því, sem hér hefur verið talið, verður ekki séð, að laga- eða eðlisrök eigi að leiða til þeirrar niðurstöðu, að skuldari greiði ekki innheimtulaun af lögtakskræfri kröfu, samkvæmt 11. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 29/1885, og gera þannig mun á þessari kröfu og öðrum kröfum.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur má eftir taxa lögmanna miða innheimtuþóknun við fjárhæð. Skilja verður þó ákvæðið svo að endurgjaldið eigi að vera hæfilegt endurgjald fyrir starfið. Getur því til þess komið að meta verði hvort innheimtutaxti lögmanna sé hæfilegur miðað við það starf sem innt er af hendi í hvert sinn. Í máli þessu reynir ekki á slíkt, því að enginn ágreiningur er með aðilum um að fjárhæð innheimtulauna sé réttilega ákvörðuð og vextir réttilega af henni reiknaðir.

Rétt þykir þannig að taka kröfu áfrýjanda um höfuðstól og vexti til greina.

Hvor aðila skal bera sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Hraðfrystihús Ólafsvíkur hf., greiði áfrýjanda, Verkalýðsfélaginu Jökli, 7.796,00 krónur auk 17% ársvaxta frá 9. mars 1984 til stefnubirtingardags þann 16. apríl 1984, en auk 19% ársvaxta frá þeim degi til 13. ágúst s.á., 24% ársvaxta frá þeim degi til 20. s.m., 24,5% ársvaxta frá þeim degi til

27. s.m., 25% ársvaxta frá þeim degi til 18. september s.á., 25,5% ársvaxta frá þeim degi til 11. október s.á., 26% ársvaxta frá þeim degi til 12. s.m., 28% ársvaxta frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 29% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1985, 36% ársvaxta frá þeim degi til 21. s.m., 37% ársvaxta frá þeim degi til 11. maí s.á., 35% ársvaxta frá þeim degi til 21. júlí s.á., 36% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1986, 39% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars s.á., 14,5% ársvaxta frá þeim degi til 11. ágúst s.á., 15,2% ársvaxta frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 15,4% ársvaxta frá þeim degi til 11. s.m., 15,7% ársvaxta frá þeim degi til 21. s.m., 16,1% ársvaxta frá þeim degi til 11. desember s.á., 16,8% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1987, 17,5% ársvaxta frá þeim degi til 11. s.m., 17,9% ársvaxta frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 18,8% ársvaxta frá þeim degi til 11. s.m., 19,4% ársvaxta frá þeim degi til 21. s.m., 19,8% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars s.á., 19,9% ársvaxta frá þeim degi til 11. s.m., 20,8% ársvaxta frá þeim degi til 21. s.m., 21,8% ársvaxta frá þeim degi til 6. maí s.á., 30% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní s.á., 33,6% ársvaxta frá þeim degi til 1. júlí s.á., 36% ársvaxta frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 40,8% ársvaxta frá þeim degi til 1. september s.á., 42% ársvaxta frá þeim degi til 1. október s.á., 43,2% ársvaxta frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 45,6% ársvaxta frá þeim degi til 1. desember s.á., 49,2% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1988, 51,6% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars 1988, 45,6% ársvaxta frá þeim degi til 1. maí 1988, 44,4% ársvaxta frá þeim degi til 1. júlí 1988, 52,8% ársvaxta frá þeim degi til 1. ágúst 1988, 56,5% ársvaxta frá þeim degi til 1. september 1988, 49,2% ársvaxta frá þeim degi til 1. október 1988, en 33,6% ársvaxta frá þeim degi til dómsuppsögudags, en frá þeim degi til greiðsludags þeirra dráttarvaxta sem Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 14. gr. sömu laga.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Skaftasonar hæstaréttardómara.

Svo sem fram kemur í gögnum málsins og héraðsdómi voru afskipti lögmanns áfrýjanda af innheimtu lögtakskröfunnar þau, að hann ritaði stefnda innheimtubréf hinn 8. nóvember 1983 og sýslumanninum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og bæjarfógetanum í Ólafsvík lögtaksbeiðni hinn 5. desember s.á. Til lögtaks kom ekki þar sem skuldari greiddi áður lögtakskröfuna að undanskilinni hinni umdeildu innheimtupóknun. Er þá með talið gjald fyrir ritun lögtaksbeiðninnar 1.080,00 krónur. Hinn 9. mars 1984 endursendi sýslumaður lögmanninum lögtaksbeiðnina ásamt uppgjöri á kröfunni. Hafði lögmaðurinn því ekki afskipti af innheimtunni svo sem með því að semja við skuldara um greiðslu hennar, taka við greiðslum eða mæta í lögtaksmáli. Kröfubréf lögmannsins breytti ekki rétti lögtaksþola til að greiða kröfuna til fógeta sbr. 7. gr. lögtakslaga nr. 29/1885. Framangreind ritun innheimtubréfsins og lögtaksbeiðninnar án frekari afskipta af málinu þykir, eins og hér stendur á, ekki þvilíkt starf, að það veiti áfrýjanda rétt til að krefja stefnda innheimtupóknunar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands sbr. 1. gr. hennar og 2. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur. Með tilvísun til framanritaðs tel ég að staðfesta beri niðurstöðu héraðsdóms.

Dómur bæjarþings Ólafsvíkur 19. mars 1987.

Mál nr. 4/1984.

Stefnandi er Verkalýðsfélagið Jökull, 5423-7332, Ólafsvík.

Stefndi er Hraðfrystihús Ólafsvíkur hf., 1295-7526, Ólafsvík.

Málið er höfðað með stefnu útgefinni 5. apríl 1984 og birtri 16. sama mánaðar. Stefna í gagnsök er gefin út 22. nóvember 1984 og birt sama dag. Aðalsök er þingfest 27. apríl 1984 og gagnsökin 23. nóvember s.á. og sameinuð aðalsök. Málið var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 3. nóvember 1986, en endurupptekið til málflutnings að nýju 6. mars 1987 og dómtekið sama dag. Dómari er Jón S. Magnússon fulltrúi.

Dómkröfur aðalstefnanda og gagnstefnda eru þær í aðalsök að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 7.796,- með 17% ársvöxtum frá 9.3. 1984 til stefnubirtingardags, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá lögmannna. Í gagnsök krefst gagnstefndi sýknu af kröfum gagnstefnanda og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá lögmannna.

Dómkröfur aðalstefnda og gagnstefnanda eru þær í aðalsök, að hann verði sýknaður af dómkröfum aðalstefnanda. Til vara krefst hann þess að dómkröfur í gagnsök verði notaðar til skuldajafnaðar við kröfu stefnanda í aðalsök að svo miklu leyti sem til þarf, og sjálfstæður dómur verði kveðinn upp um eftirstöðvar gagnkröfunnar. Dómkröfur hans í gagnsök eru þær að gagnstefndi verði dæmdur til þess að endurgreiða gagnstefnanda kr. 37.524,- með 19% ársvöxtum frá 9. mars 1984 til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá lögmannna. Þá krefst hann þess að gagnsakarmálið verði sameinað aðalmálinu.

Aðalsök.

Um er að ræða kröfu sem stofnast við það að stefnandi fól lögmanni að innheimta hjá Hraðfrystihúsi Ólafsvíkur hf., Fiskimjölsværksmiðjunni hf. og Birni og Einari sf., öllum í Ólafsvík, eftirstöðvar gjalda í sjúkrasjóð og orlofssjóð aðalstefnanda vegna ársins 1981, sem Skattstofa Vesturlands reiknaði út fyrir árið 1982. Lögmaðurinn krafði aðalstefnanda, Hraðfrystihús Ólafsvíkur hf., um alla skuldina með bréfi, dags. 8. nóvember 1983. Með beiðni til sýslumanns Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, dags. 5. desember 1983, bað lögmaðurinn um lögtak hjá aðalstefnda fyrir kröfum umbj. síns, kr. 67.497,60 að höfuðstól auk vaxta kr. 6.749,70, kostnaðar kr. 1.080,- og innheimtupóknunar kr. 7.796,60.

Í byrjun marsmánaðar 1984, er framkvæma skyldi lögtak fyrir kröfunni, greiddi aðalstefndi í máli þessu, Hraðfrystihús Ólafsvíkur hf., höfuðstól kröfunnar ásamt vöxtum og kostnaði, en án innheimtupóknunar. Lögmaðurinn fékk innheimtupóknunina greidda hjá aðalstefnanda sem síðan höfðaði mál þetta til heimtu þeirrar fjárhæðar er hann greiddi lögmanni sínum í innheimtupóknun.

Aðalstefnandi byggir kröfu sína á lögum um málflytjendur nr. 61/1942, 2. gr. sbr. 1. mgr. 7. gr. lágmarksgjaldskrár Lögmannafélags Íslands sem mælir fyrir um þóknun lögmannna fyrir störf sín. Þá byggir aðalstefnandi jafnframt á þeirri meginreglu 177. gr. 1. 85/1936 að þeim sem tapi máli í öllu verulegu beri að greiða gagnaðila sínum kostnað málsins, og þeirri reglu að kröfuhafi eigi ekki að þurfa að bera kostnaðinn af því að verða að senda kröfu í innheimtu, vegna þess að skuldari stendur ekki í skilum. Einnig byggir aðalstefnandi á því að hér sé um einfalda skuldakröfu að

ræða sem aðalstefnda var fullkunnugt um að honum bar að greiða strax og krafa kom fram um greiðslu. Aðalstefndi dró hinsvegar fullnaðaruppgjör á kröfunni, svo aðalstefnanda var nauðsyn á að senda hana til innheimtu hjá lögmanni.

Aðalstefndi byggir kröfu sína um sýknu á því að greiðslur í sjúkra- og orlofssjóði njóti lögtaksréttar samkvæmt 11. tl. 1. gr. laga nr. 29/1885, og að aðalstefnandi eigi því ekki rétt til innheimtulauna vegna þeirra.

Gagnsök.

Gagnstefnandi byggir kröfur sínar í gagnsök á því að í útreikningi sínum á greiðslum til sjúkra- og orlofssjóðs hafi aðalstefnandi ofreiknað vexti svo nemi fjárhæð gagnkröfunnar. Jafnframt verði hann að hlíta því að allar innborganir á kröfuna gangi beint til lækkunar á höfuðstól þar sem ekki var gerður fyrirvari um að þær skyldu fyrst ganga til greiðslu áfallinna vaxta.

Gagnstefndi byggir kröfu um sýknu í gagnsök á því að hann hafi reiknað vexti af greiðslum í sjúkra- og orlofssjóði frá 1. ágúst 1982, en honum hafi verið heimilt að krefjast vaxta frá 1. janúar 1982, og hann hafi því gefið eftir töluverðan hluta þeirra vaxta sem honum var heimilt að krefjast. Þá bendir hann á að það samræmist ekki almennum rökum um skaðleysi kröfuhafa að innborganir séu dregnar frá höfuðstól, og stefndi hafi heldur ekki áskilið sér þann rétt sérstaklega.

Ályktun.

Kröfur sem lögtaksrétt hafa eru aðfararhæfar beint. Lögtaksréttur er veittur vissum kröfum, m.a. til þess að auðvelda innheimtu þeirra og jafnframt til þess að halda kostnaði við innheimtuna í lágmarki. Lögtaksréttur er því settur báðum aðilum til hagsbóta. Með því að veita kröfum lögtaksrétt er beinlinis ætlast til þess að kröfuhafi snúi sér beint til fógeta með beiðni um lögtak. Fógeti framkvæmir síðan lögtakið og þarf ekki frekari atbeina kröfuhafa til. Vilji kröfuhafi hinsvegar hafa annan hátt á, t.d. fela lögmanni innheimtuna, er honum það að sjálfsögðu frjálst, en ekki verður talið að kostnað við það sé heimilt að leggja á skuldara, heldur verði kröfuhafi að bera þann kostnað sjálfur, þar sem honum var í lófa lagið að biðja beint um lögtak sem þá hefði engan aukakostnað haft í för með sér. Niðurstaðan verður því sú að sýkna ber aðalstefnda af öllum kröfum aðalstefnanda.

Aðalstefnandi krefst greiðslu kostnaðar (innheimtulauna) vegna innheimtu á lögtakskröfu, en gagnstefnandi krefst endurgreiðslu á ofgreiddum gjöldum í sjúkra- og orlofssjóð. Það verður að telja að kröfur þessar séu ekki af sömu rót runnar og því á 49. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 70. gr.

sömu laga, ekki við í máli þessu og ber því að vísa gagnkröfu aðalstefnda frá dómi. Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður, bæði í aðal-sök og gagnsök.

D ó m s o r ð:

Aðalstefndi, Hraðfrystihús Ólafsvíkur hf., skal vera sýkn af öllum kröfum aðalstefnanda, Verkalýðsfélagsins Jökuls, í máli þessu.

Gagnkröfu aðalstefnda er vísað frá dóminum.

Málskostnaður í báðum sökum falli niður.

Miðvikudaginn 26. október 1988.

Nr. 188/1987. **Ingibjörg Haraldsdóttir**

(dr. Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

gegn

Önnu Þorgrímsdóttur

og gagnsök

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Skaðabótamál. Vanheimild. Fasteign.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thorodden, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. júní 1987. Hún krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. júní 1987 og gerir þessar kröfur:

1. Að aðaláfrýjandi verði dæmd til að greiða í skaðabætur 175.000,00 krónur með 15,5% ársvöxtum frá 27. júní 1986 til 19.